

Reykjalundur endurhæfing ehf.

9. fundur stjórnar 25. maí 2021 kl. 08.15-10.00 á Reykjalundi, í fundarsalnum Grímansfelli.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjónsson.

Dagskrá.

1. Fundargerð síðast fundar til samþykktar og undirritunar.

Fundargerð 8. fundar stjórnar var lögð fram, samþykkt og undirrituð af stjórn.

2. Rekstur og starfsemin – staða mála.

- a. Fjárhagsstaða og viðbrögð. PM fer yfir rekstrarniðurstöðu síðastliðinna tveggja ára þar sem tap hvors árs um sig var í kringum 5% af veltu endurhæfingarstarfseminnar. Rekstrarniðurstaðan fyrir líðandi ár stefnir í sömu átt verði ekkert að gert. Ljóst er að snúa þarf þessari þróun við.
- b. Staðan á Covid 19 faraldrinum. Hólfaskipting og aðrar sóttvarnir á Reykjalundi hafa haft það í för með sér að meðferðardagar það sem af er ári eru færri en vonir stóðu til. Í samráði við SÍ ákvað framkvæmdastjórn að flýta endurhæfingu 50 Covid-19 sjúklinga en endurhæfing þeirra er síður háð sóttvarnarráðstöfunum en almennra sjúklinga. Einnig hefur verið ákveðið í framkvæmdastjórn að meðferðardagar verði að jafnaði fleiri en í meðalári frá og með afléttingu sóttvarnartakmarkana þann 11. maí s.l. til að veга upp á móti færri meðferðardögum fram að þeim tíma.
- c. Samskipti við SÍ. Tímabundinn viðauki við þjónustusamninginn frá 5. mars 2020 var gerður þann 28. apríl s.l. um meðhöndlun 50 sjúklinga í sex vikur hvern á árinu 2021. Þjónustu við þennan hóp sjúklinga skal telja inn í fjölda einstaklinga og meðferðardaga skv. gr. 5.2 í samningnum.

3. Aðalfundur Reykjalundar endurhæfingar ehf.

Aðalfundi Reykjalundar endurhæfingar ehf. er frestað til 24., 25. eða 26. ágúst n.k. vegna þess að stofnefnahagsreikningur þann 1. janúar 2021 er ekki tilbúinn.

- a. Fundur með formanni SÍBS. Formaður stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf. og forstjóri funduðu með formanni og framkvæmdastjóra SÍBS þann 10. maí s.l. um yfirfærslu endurhæfingarstarfseminnar í nýtt félag en hún verður framkvæmd þannig að fyrsti starfsdagur Reykjalundar endurhæfingar ehf. verður 1. janúar 2021 og fjárhagur nýja fyrirtækisins mun byggja á stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2021. Stofnefnahagsreikningurinn mun byggja á kaupsamningi milli Reykjalundar endurhæfingar ehf. og Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS) dags. 18. maí 2020.
- b. Niðurstaða með ársreikning. Ársreikningar Reykjalundar, Hleinar og Rekstrarsjóðs fyrir árið 2020 verða teknir til afgreiðslu í stjórn SÍBS þann 8. júní n.k.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 29. júní 2021.